

Örnefnaskrá.

frun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Skagafjarðarsýsla.

Seyluhreppur.

x

Skrásetjari: Rósmundur G. Ingvarsson, f. 6.08. 1930.

Valabjörg :

Heimildir og heimildarmenn:

Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781 - 1958.

Landamerkjaskrá fyrir Valadal með hjál. Valabjörgum og Valagerði, dags. 8. maí 1890.

Landamerkjabréf milli Valadals og Valabjarga, frá 10. júní 1929.

Örnefnaskrá M.J. fyrir Valagerði, Valadal og Valabjörg, tekin eftir frásögn Stefáns Friðrikssonar í Glæsibæ, í nóv. 1930. Stefán ólst upp í Valadal til tvítugsaldurs, og faðir hans gjörþekkti örnefnin í öllum dalnum eftir því sem honum höfðu sagt gamlir menn í dalnum. (Örn.skrá M.J.)

Örnefnaskrá Valadals, skráð af Gissuri og Hjalta Jónssonum árið 1981 (G.J. og H.J.)

Aths. og viðbætur við örn.skrá Margeirs Jónssonar, frá Guðmundi Jósafatssyni. (G.Jós.)

Örnefni í Valadalssandi, skráð af Hannesi Péturssyni 2. nóv. 1968, eftir sögn Guðm. Jósafatssonar.

Skjal frá Brunabótafélagi Íslands, frá 2. marz 1934.

Íslenskt fornbréfasafn, III. bls. 674.

Jón Gissurarson frá Valadal, f. 5. 11. 1946, bóndi í Víðimýrarseli.

Gissur Jónsson frá Valadal, Bóndi í Valadal 1933 - 1973

Valabjörg á Skörðum (1) voru hjáleiga frá Valadal og fengu ekki úrskipt land fyrr en eftir aldamótin 1900. Í skjali frá árinu 1900 kemur fram, að hjáleigurnar Valabjörg og Valagerði eiga óskipt beitiland með heimajörðinni Valadal.

Valabjörg eru í **Valadal**, (2) sem er þverdalur suður úr Vatnsskarði, og í Víðimýrar-kirkjusókn.

Eignin Valabjörg .

Valabjörg voru talin 5 hundruð að fornu mati, eða ¼ úr Valadalseigninni.

Valabjörg hafa verið bændaegn eins og Valadalur og áður var lengi sami eigandi að báðum jörðunum., en 1762 er orðin breyting á því. Þá bjó á Valabjörgum Björn Gíslason og átti jörðina. Ekki liggur fyrir hvenær búseta hófst á Valabjörgum, en tímabilið 1789 - 1923 hefur verið þar stöðug búseta. Árið 1911 selur Nikódemus Jónsson Valabjörg, Friðriki bónda Stefánssyni í Valadal. Þá hefur aftur orðið sami eigandi að Valadal og Valabjörgum. 1927 - 1941 bjuggu þar Björn Jónsson og Sigprúður Friðriksdóttir. Þau fluttu svo vestur að Brún og síðar að Gili í Svartárdal. Eftir það voru Valabjörg um skeið ýmist nytjuð með Valadal eða búendur þar höfðu aðsetur í Valadal. Þannig eru Gissur Jónsson og Ragnheiður Eiríksdóttir talin búendur á Valabjörgum 1943 - 1944. eftir þann tíma hafa ýmsir átt jörðina og gjarnan haft þar hross. Eftir 1941 var jörðin um skeið í eigu banka. Svo átti hana Haraldur Sveinbjarnarson í Reykjavík. Þar næst átti jörðina Hjalti Pálsson frá Brúarlandi í Deildardal. Hann kom með skúr (hús) sem enn stendur á Valabjörgum og byggði svo við hann úr járn og timbri. Eftir Hjalta eignaðist jörðina sonur hans, Ragnar Hjaltason, og mun hann eiga jörðina enn (1998), en hefur síðustu árin leigt hana Guðmundi Valtýssyni bónda á Eiríksstöðum í Svartárdal, sem beitir þangað hrossum. Kringum landið er nú tveggja strengja girðing. (Hún er þó vestan við Kvarningsdalinn.) Talið er að vegleysi og erfið skilyrði til túnæktar hafi átt mestan þátt í að jörðin fór í eyði.

Bærinn að Valabjörgum stóð inni við botn Valadalsins, í brekku suðaustan við dalinn þar sem hann er að beygja til vesturs. Þar eru rústir nokkurra húsa og tún í kringum þau. Nokkru

norðar, út við eyrarnar er eina húsið sem uppi standandi er á bænum, allstór timburskúr, áður nefndur, sem einn af síðustu eigendunum byggði og jafnvel bjó eitthvað í. Jörðin er nú (1998) einungis nýtt sem beitiland.

Árið 1934 er bæjarhúsum lýst þannig: Bæjarhús í þremur röðum er snúa austur og vestur. Útveggir að austan og norðan og að sunnan upp að gluggum - eru úr torfi og grjóti, en vesturstafnar og suðurhlið milli glugga úr timbri. Þök öll úr torfi. Milli syðri raðanna er timburveggur, en torfveggur greinir norðurröð frá miðröð og einnig er torfveggur milli fjóss og geymsluhúss í norðustu röð.

Baðstofa í syðstu röð er afþiljuð og skipt í tvö hólfi með timburskilrúmi. Ofn er í vestara hólfi. Gluggar 2.

Miðröð er skift í 3 hólfi með timburskilrúmunum. Austast eldavélarhús, þiljað að mestu. Þar er diskasliður og fastur bekkur með skáp og skúffum. Í vesturhlutanum eru bæjardyr að sunnan en geymsla að norðan. Timburgólf er í allri röðinni og loft yfir geymslu og bæjardyrum.

Norðasta röð: Þar er fjós í austurenda, en geymsla í vesturhlutanum. Kjallari er undir miðröð hlaðinn úr grjóti. Vesturstafn úr timbri.

Hesthúskofi norðan við ystu röð. Tilgreind er lengd breidd og hæð á húsum þessum, svo og virðingarverð ofl. Eigandi var þá Björn Jónsson (1934).

Fjárhús voru niður á gilbarmi. Eftir að bærinn fór í eyði voru veggir húsanna notaðir sem réttarveggir og fé réttað þar t.d. um rúning.

Landareign Valabjarga.

Land Valabjarga er suðvestur-hornið á Valadalseigninni fornu, og liggur að landareignum Valadals að norðan og austan, Bergsstaða að sunnan og Eiríksstaða að vestan. Sá hluti Landamerksakrár Valadals og Valabjarga, sem víkur að landamærum Valabjarga, er á þessa leið.

---- Þá eftir uppsettum merkjum (frá Selgili) beint vestur fjall í Klofastein (3) á Dýhól (4), hvar saman koma lönd jarðanna Valadals, Bergsstaða og Eiríksstaða, frá Klofasteini móts við Eiríksstaðaland, eftir merkjavörðum norður fyrir austari? Langasund (5) yfir Holnamýri (6) beina línu í Arnarvatnsenda (7) syðri (eða lækjarós, sem er vestar en í hann miðjan). --- Þessi landamæri eru jafnframt Sýslumerki (8).

(Það eru að sjálfsögðu lönd Valabjarga, Bergsstaða og Eiríksstaða sem mætast í Klofasteini.) Að norðan eru landamærin úr syðri Arnarvatnsenda austur yfir Slakka (9) og að austan er það Kvarningsdalsá, (10) sem ræður merkjum. fram um Selgil. En hún er einnig og jafnvel oft nefnd Valadalsá. (11).

Landamerki milli Valadals og Valabjarga.

Landamerkjabréf fyrir Valadal og Valabjörgum.

Við undirritaðir eigendur Valadals og Valabjarga, gjörum með okkur svofeldan samning um landamerki á milli eignar- og ábýlisjarða okkar. Að austan ræður Kvarningsdalsá frá Selgili alla leið útvestur á eyrar, þar sem Síki (12) byrjar. Þaðan beina línu vestur yfir eyrarnar í girðingu, sem liggur frá Stokknum (13) vestur og upp slakkana alla leið vestur í Arnarvatn. (14)

Skulu þetta vera óátalin landamerki á milli jarðanna hér eftir. Hér til staðfestu eru okkar nöfn undirrituð í viðurvist tveggja votta. Gjört að Valadal 10. júní 1929.

Jón Árnason . Björn Jónsson.

Síki er gamall farvegur eftir Stokkinn og eftir Síkinu liggja landamerkin. Stokkur er sunnan við ármótin, þar sem saman koma Klittnalækur og Kvarningadalssá eða Valadalssá.

Sagt er að Björn bóndi Jónsson hafi látið gera flag sunnan við Síkið, en frá því flagi var aldrei gengið, svo það varð aldrei tún og gréri upp. Þá er og sagt að Friðrik Stefánsson í Valadal hafi látið grafa skurð fyrir Klittnalækinn, úr vestari enda Síkis og norður eftir.

Önnur nöfn í Valabjarga-landi.

Stórhóll (15) er á merkjum Valabjarga og Bergsstaða á dalbrúninni móti Selgili. Hóllinn er grasi vaxinn. **Haugaflá** (16) er að vestanverðu við Kvarningsdal, eins og Stórhóll. Það er rótvond fúamýri, með þúfnahaugum og mun nafnið af því dregið. (Örn.skrá M.J.)

Haugaflá er fram og austur af bæjarstæðinu eftir að komið er upp fyrir brúnirnar.

Hóladrag (17) er austan við túnið á Valabjörgum, alllangt og grösugt. Vestanvert við dragið eru tveir háir hólar, sem kallast **Sjónarhólar** (18). Ber dragið nafn af þeim og af þeim er víðsýnt. (Örn.skrá M.J.)

Kvíhóll (19) er rétt vestan við bæjarstæðið, en lækur, **Bæjarlækur**, (20) á milli.

Sunnan við túnið eru **Hádegishóll** (21) og **Hádegissund**. (22) (Örn.skrá M.J.) Hádegissundið er milli Hádegishóls og Kvíhóls.

Grösugar hæðir eru vestan við Haugaflá og nefnast þær **Bungur**. (23) Liggja þær austan við Bergsstaðasel. (Örn.skrá M.J.)

“**Klyftir** (24) nefnast kletthólar í suðvesturátt frá Valabjörgum, um 1 ½ km. frá túninu. Eiginlega eru hólar þessir aðeins þrír, og er miðhóllinn stærstur. Er austurhlíð hans þverhnipt standberg, nokkurra mannhæða hátt. Þar hafa hrafnar orpið á hverju vori og stundum valir. Milli þessara kletthóla eru djúpir skorningar, sem í rauninni bera áðurgreint nafn, þó að staður þessi í heild sinni kallist Klyftir. Um dýpstu skoruna austan við hæsta klettinn fellur **Klyftalækur**, (25) en um skorninginn vestan við liggur vegur niður í Svartárdal (að Leifsstöðum). **Lækjahæðir** (26) heita sunnan við Klyftir.” (Örn.M.J.) J.G. hefur ekki heyrt Nafnið Lækjahæðir, en telur að þarna sé átt við Grensbrekku, eða jafnvel hæðir vestan við.

Kaflinn hér að ofan er tekinn orðrétt upp úr Örnefnaskrá Margeirs Jónssonar. En bæði Guðmundur Jósafatsson og bræðurnir Gissur og Hjalti Jónssynir, segja staðina heita **Klittur**. (27) (Guðmundur var í Valadal (eða Valagerði?) árin 1900 - 1907. Hann var síðar mikill fræðimaður og bóndi á Brandsstöðum í Blöndudal. Hjalti og Gissur ólust upp í Valadal og Gissur bjó þar allt þar til jörðin fór í eyði 1972.) Gissur og Hjalti segja í sinni örn.skrá:

“Vestan við Stórhól eru **Bungur**; (28) á þeim er **Stórimór** (29) og **Hlóðarsteinn** (30) austan við **Klittnabrekku**. (31) **Klittur** er djúp skora með háum klettastöllum hvorum megin. Austur frá þeim liggur Klittnabrekka og norðan undir henni er **Klittnasund**. (32) Suður af Klittum er **Grensbrekka** (33) austan við **Klittnalækinn** (34). Vestan lækjarins, gegnt Grensbrekku, er **Ferðamannaflá**. (35) Þar um liggja götur, sem greinast vestur að Eiríksstöðum og Leifsstöðum.” (G.J. og H.J.)

Þriðja útgáfan af Klyfta - eða Klittanafninu er **Kluptir**, (36) en ekki nota heimildarmenn það. Frá Klittum til austurs liggur Klittnabrekka. Í Valabjargalandi eru tvö tófugreni í nágrenni við Klittur. Annað nefnist? **Klittnabrekkugreni**. (37) Hitt er í eða við Grensbrekku, **Grensbrekkugreni**. (38)

Hlóðarstein er sagður vera Grettistak. Hann stendur á steinum sem mynda hlóðir.

Stórimór (38a) er á Bungunum þar sem þær eru hæstar og liggur þar frameftir, rosalega þýfður.

Klofasteinn (39) kallast stór steinn á merkjum Valabjarga og Bergsstaða. Er hann klofinn í tvennt. **Ferðamannaflá** (40) er sunnan við Klyftir og vestan við Klyftalæk. (Örn.skrá M.J.) Tjarnarpollar tveir eru suðvestan við Klittur (Klyftir) og þar sunnan við er Ferðamannaflá.

Klofasteinn er skammt sunnan og vestan við Ferðamannaflá. Hann er hornmerki milli Valabjarga, Eiríksstaða og Bergsstaða og jafnframt Sýslumerki milli Skagafjarðar - og Húnavatnssýslu. Merkin liggja úr Klofasteini út Mjósund og úr því í Arnarvatn að sunnan, austar en í mitt vatn. Til austurs liggja sýslumerkin beins línu úr Klofasteini yfir Ytri-Stórhól í Selgil á Kvarningsdal. Bergsstaðaland er sunnan við Valabjargaland og nær alla leið austur á móti löndum bæja á Efribyggð. (G.J. og H.J.)

Holnamýri (41) er vestur af Klyftunum.(Klittunum). Allt í kringum hana eru grýttir melhólar nema á einum stað, en þar hefur á síðustu mannsöldrum myndast keldudrag, sem kallast **Holnamýrardrag** (42). Mýrin er afar rótvond með einlægum pyttum og vatnsholum. áður fyrir urpu álftrir í mýrinni, en þegar mýrin þornaði betur við dragmyndunina, hætti álfstavarpíð. (Örn.skrá M.J.). Nafnið Holnamýri mun vera myndað af pyttum og holum sem eru í mýrinni. **Holna** er málfræðilega hárrétt beyging í eignarfalli fleirtölu af hola. **Holnamýrarlækur** (42a) kemur úr Holnamýri og rennur í **Klittnalækinn** móts við fjárhúsatóftirnar niðri við gilbarminn, (neðan við bæjarstæðið). Holnamýri er þar vestur undan.

Stekkjarmýri (43) er norðvestan við Valabjörg, skammt frá túninu. **Ásendadrag** (44) er sunnan við Arnarvatnsás og ásin er austan við Arnarvatnið. **Arnarvatnsflói** (45) er vestan við ásin, en sunnan við **Arnarvatn** (46), en Valabjörg eiga land að suðurenda vatnsins. Í sambandi við það má taka þetta fram.: Land að vatninu eiga fjórir bæir. Valabjörg að sunnan, Valadalur að austan, Fjós (í Svartárdal) að norðan og Brattahlíð að vestan. (Örn.skrá M.J.) Landamæralínan liggur sem næst eftir miðju Arnarvatninu endilöngu, og hún er jafnframt Sýslumerki. Arnarvatnsflói þekur stórt svæði en hluti hans er vestan landamærunna.

Gissur og Hjalti segja í sinni skrá, að **Ásendadrag** (47) sé austan við suðurenda Arnarvatnsássins.

Austan í ásnum er skál-laga bolli og í honum er kóll (svo) sem heitir **Ketill**. (48) Úr skálinni liggur drag út í **Slakkaflá** (49) og heitir það **Ketildrag**. (50).

Mosastallur (51) er að vestanverðu við Klyftalæk, en svonefnd **Þrengsli** (52) eru norður frá Valabjörgum og ná út undir Eyrar. **Hamarsgerði** (53) er lítið klettabelti austan við Mosastall. (Örn.skrá M.J.)

Þrengsli ná út að Eyrunum og líklega inn fyrir bæjarstæðið.

Hamarsgerði er klettastallur vestan við **Stokkinn** (54), suðvestan **Valabjargaeyra**. (55) Sunnan Hamarsgerðis er **Mosatallur** (56) og sunnan undir honum eru tóftarústir. Þá tekur við Stekkjarmýri og Holnamýri, fram og vestur af Valabjargabæ, úr henni **Mjósund** (57) í stefnu á Klofastein. (G.J. og H.J.) Landamerkjalinan liggur eftir Mjósundi. Mosastallur og Mosastallur er trúlega hið sama.

Stokkur er lækur með skörpum bökkum, stokklagaður farvegur. Mjósund liggur suður úr Holnamýri og eftir því liggur landamerkjalinan.

Stallur (58) er meðfram Stokk austanverðum fram að Valabjargatúni. Austar eru **Valabjargahólar** (59), og í þeim **Hóladrag**. (60) **Hádegissund** (61) er suður frá **Valabjargatúni**. (62) Þar austar er **Haugaflá**. (63).

Ytri-Stórhóll (64) er á **Kvarningsdalsbarminum** (65) að vestan - móti Selgili. (G.J. og H.J.)

Kvarningsdalurinn (66) er hálfur í landareign Valabjarga,- áin skiptir löndum. A.m.k. sumir heimildarmenn að örn.skrám telja, að Kvarningsdalur byrji ekki fyrr en við Hádegisgil.

Viðauki 3. febr. 2000 .

Skammt utan við Valabjargatúnið, er lítill laut, sem heitir **Hlaupalaut** (67). Þar var venja að láta hestana spretta úr spori.

Framan (sunnan) við skúrinn, sem einn af síðari eigendum Valabjarga byggði sunnan við eyrnar og enn stendur, er hár melur, - hærri en melarnir í kring. Norðan við melinn er laut, sem nefnist **Bolli** (68).

Smalavarða (69) er rétt vestan Kvarningsdalsár, gegnt Hádegisgili. Gissur Jónsson bóndi í Valadal átti hund sem Smali hét. Hann komst í eitrad æti, sem tófum var ætlað, og fannst dauður stutt frá þessum stað . Gissur hlóð vörðu utan um og yfir hundinn. Síðan heitir hún Smalavarða. Þetta var um 1940.

Ýmislegt varðandi Valabjörg.

Jóhannes Guðmundsson á Gunnsteinsstöðum hefur skrifað árið 1860 :

“ Kvarningsdalur hét fyrrum **Vínberjadalur**, (70) og hygg að hann hafi svo nefndur verið af gnægð berja þar, eður að vaxið hafi í honum aðalbláber. Hann liggur fast vestan við hæsta fjallgarðinn framan Vatnsskarðs og af ókunnugleika Hjálmars (Bólu-Hjálmars) þar hefur hann sagt hann vera byggðan, því þar er nú engin byggð og hefur víst ekki verið síðan í Svartadauða, eða fyrr, en hann liggur út úr Valadalsdal, í hverjum að eru 2 bæir. Á Kvarningsdal hafa til forna verið 4 bæir, yzt Kárafitjar, nú kallað Kárastekkur. Þar næst Álfgeirsvellir og þar fyrir framan tveir bæir og er mjög óljóst að sjá merki þeirra, en báðir munu hafa verið í Bergsstaðalandi, sem nú er.“ (Úr fornum Jóns Árnasonar, I. bindi.)

Heimildarmaður (J.G.) minnst þess að hafa heyrt getið um **Þúfnavelli** (71) á Kvarningsdal. Hafi þar verið bær með þessu nafni, hefur hann líklega verið í landi Bergsstaða, en þess var þó ekki getið.

Í ritinu **Saga frá Skagfirðingum** , eftir Jón Espólín og Einar Bjarnason, 4. bindi bls. 81, er aftirfarandi frásögn frá 1845.

Stúlka frá Vatnsskarði, er Oddný hét, dóttir Þorkels bónda er síðast bjó á Fjalli, gekk þriðja dag jóla fram að Valadal til að fá þar rímur. Villtist hún á heimleið og fannst dauð nokkrum dögum síðar fyrir framan Valabjörg.

Örstutt frá Klofasteini , en aðeins vestan við landamæralínuna stendur gömul varða, sem hlaðin er af manni er hét Jón og var í Hvammi í Svartárdal, hjá bónda þeim er Sigurður hét. Áður hafði hann verið í Valadal, fyrir aldamótin 1900 og líklega hefur hann hlaðið vörðuna á þeim árum. Jón mun hafa látist milli 1930 og 1940. Varðan stóð enn með prýði, síðast þegar heimildarmaður átti leið þar hjá fyrir örfáum árum.

Vitnisburður frá árinu 1402.

Vitnisburður tveggja manna um landamerki Valadals í Skagafirði, staðs. Sólheimum 6. maí 1402. Það gjörum við Bjarni Jónsson og Skeggi Jónsson góðum mönnum viturlegt með þessu okkar bréfi, að við meðkennumst það, að við heyrðum okkur eldri menn sverj-a, að Valadalur ætti Kvarningsdal og selförina með, er þar stendur, og svo og ei síður heyrðum við, að Ormur prestur Magnússon hefði leigt selför í áðurgreindan Kvarnings-dal að Valadalsmönnum þeim sömu, sem honum byggði þar þá samtíða, og lukti leigur eftir þá hann hafði. Svo og meðkennumst við, að við heyrðum, að Valadal

var eignað fram yfir Kluftir, og Þorleifur Árnason, sem guð hans sál hafi, eignaði sér og leyfði þangað hrísrif bændum úr Svartárdal og vestur á fjall til móts við þá, sem vestan eiga að, Mýrina fyrir neðan Eiríksstaðasel og réttsýni út í mitt Arnarvatn og svo þaðan að læk þeim, er fellur úr Arnarvatni í Vatnshlíðarvatn, og að læk þeim, sem fellur úr Hlíðarvatni og út gegnt Vatnsskarði, og úr útidyrnum á Vatnsskarði og þvert yfir í fjallsöxlina. ----. (Íslenskt fornbréfasafn III, 674).

Vestan landamæralínu.

Grafarlág ? er suðvestur af Klofasteini. Illikrókur er mýrardrag suðvestan við Arnarvatn og liggur út frá Ólafstjörn í landi Brattahlíðar. Lágásar eru vestan við Illakrök. Selás heitir áberandi ás á þessum slóðum. Einarshóll mun vera í landi Bergsstaða.

15. marz 1998. R.I.

Af sem áður var .

Björn Ólafsson og Margrét Björnsdóttir bjuggu á Valabjörgum 1817 - 1857. Björn þessi var sagður fjárflesti bóndi í Seyluhreppi á sinni tíð, og var einn af fimm sjálfseignarbændum í hreppnum árið 1844.

Eitt sinn er Gissur Jónsson í Valadal átti leið um hjá Valabjörgum og bærinn var í eyði kominn, gerði hann þessa stöku.

Hér er að og engin vörn,

arður háður þínu.

Þar sem fjáður bóndinn Björn

best að gáði sínu. (Heimildarm. J. G.)

Aukið við, 6. marz 2000. R.I.

Viðauki árið 2016.

Frá Byggðasögu Skagafjarðar.

2. bindi Byggðasögu Skagafjarðar kom út árið 2001. Um Valabjörg segir þar m.a.

Valabjörg (65°28'993 / 19° 38' 083) eru eyðijörð og fyrrum hjáleiga frá Valadal. Jörðin á land að Bergsstöðum að sunnan, Eiríksstöðum að vestan, Valadal að norðan og austan um Kvarningsdal. Ekkert vegasamband er að Valabjörgum, en illfær jeppaslóð var rudd þangað fyrir allmörgum árum.

Jörðin er á horni sýslumarka við Húnavatnssýslu og er umhverfi bæjarins sérstakt og raunar einstakt í Skagafirði. Lítið tún og bæjarstæði er í allstórum hvammi við austurbarm Klittnalækjar og er djúpt gil niður úr hvamminum. Bærinn stóð efst í hvamminum og skýla háir melar að austan og sunnan svo að sól hefur ekki náð að skína á bæinn um nokkurra mánaða skeið á veturna. Má ætla að þarna hafi verið einna skemmstur sólargangur allra bæja í Skagafirði. ----

Valabjörg fóru í eyði 1941 og standa þar engar byggingar utan bárujárns-geymsla út við Kvarningsdalsá, byggð 1972, 61 m 2. Bærinn er í Víðimýrarsókn og átti jörðin upprekstur á Eyvindarstaðaheiði. Fjarlægð frá Sauðárkróki er um 39 km. Hæð 335 m.y.s.-- (Mynd er af Klofasteini og segir þar. m.a.) Klofasteinn (65° 28' 410 / 19° 39' 273) er á sýslumerkjum og hornmerki Valabjarga á aflöngum urðarhól suðvestur frá Klittum og stendur í 380 m. h.y.s. Suður frá steininum er mýrarflá með tjarnarpollum og heitir Ferðamannaflá. ----

--- Eftir að byggð lagðist af á Valabjörgum var lengi réttað til rúnings innan veggja fjárhúsanna (65° 29' 071 / 19° 38' 203). Enn eru þar háir og glöggir veggir.

Forn vallargarður er a.m.k. að nokkru leyti umhverfis túnið. Hann liggur frammi á gilbrún neðan við fjárhúsin og þaðan suður og upp yfir enda Kvíhólsins og upp að bæjarstæðinu. Norðan í Kvíhólnum er forn húsatóft og ofan við hana þversum er afarlöng kvíarúst (65° 28' 994 / 19° 38' 157) og hefur tvennt til einkenna. Í fyrsta lagi eru þetta einhverjar lengstu kvíar sem þekkjast, 15–16 metrar, en í öðru lagi eru þær óvenju nálægt bænum, í einungis 40–50 metra fjarlægð. ----

--- Stekkir eru nokkrir á Valabjörgum. Sá sem seinast var notaður (65° 29' 404 / 19° 38' 386) er a.m.k. kílómetra norður frá bænum handan við ána. Þar er stór mýrarfláki og heitir Stekkjarmýri. Stekkurinn er stór, upp af mýri sunnan í stórum mel, vestan undir svonefndum Mosastalli.

Annar stekkur í landi Valabjarga er svo sem miðja vegu milli Valabjarga og Klittna í gili Klittnalækjarins. Þar er dálítill grjótstekkur á vesturbakka lækjarins, (65° 28' 64/ 19° 38' 510).

Í gílinu út og niður frá bænum eru enn tvennar stekkjarrústir með nokkurra metra millibili á litlu nesi austan við lækinn, báðar fornar. ----

Hér í kaflanum frá Byggðasögu koma m.a. fram nöfnin: Kvarningsdalur (72), Bæjarstæði (73), Klittnalækur (74), Hvammur (75), Geymsla (76), Kvarningsdalsá (77), Klofasteinn (78), Sýslumerki (79), Klittur (80), Ferðamannaflá (81), Fjárhús (82), Vallargarður (83), Kvíhóll (84), Kvíarúst (85), Stekkur (86), Stekkjarmýri (87), Mosastallur (88), Klittnalækur (89) og Grjótstekkur (90).

Ætlun mín var að fara aftur um land Valabjarga og taka staðsetningar (hnit), en nú eru ekki horfur á að eg (R.I.) hafi heilsu til að gera það hér eftir. Þess vegna hefi eg nú sett hér kaflann Frá Byggðasögu og ætla nú að senda skrána frá mér. Og þó að hún fari er ekki útilokað að bæta við hana og senda hana þá aftur.

Samkvæmt nágildandi lögum eru allar mannvirkjaleyfar, sem orðnar eru 100 ára gamlar, friðaðar.

18. 10. 2016. R.I.

Stafrófsröð örnefna og annara nafna.**Valabjörg.**

Arnarvatn 14, 46
 Arnarvatnsendi 7
 Arnarvatnsflói 45
 Ásendadrag 44, 47.
 Bolli 68
 Bungur 23, 28
 Bæjarlækur 20
 Bæjarstæði 73
 Dýhóll 4
 Ferðamannaflá 35, 40, 81
 Fjárhús 82
 Geymsla 76
 Grensbrekka 33
 Grensbrekkugreni 38
 Grjótstekkur 90
 Hamarsgerði 53
 Haugaflá 16, 63
 Hádegishóll 21
 Hádegissund 22, 61
 Hlaupalaut 67
 Hlóðarsteinn 30
 Holnamýrardrag 42
 Holnamýrarlækur 42a.
 Holnamýri 6, 41
 Hóladrág 17, 60
 Hvammur 75
 Ketildrag 50
 Ketill 48
 Klittnabrekka 31
 Klittnabrekkugreni 37
 Klittnalækur 34, 74, 89
 Klittnasund 32
 Klittur 27, 80
 Klofasteinn 3, 39, 78
 Kluftir 36
 Klyftalækur 25
 Klyftir 24
 Kvarningsdalsá 10, 77
 Kvarningsdalsbarmur 65
 Kvarningsdalur 66, 72
 Kvíhóll 19, 84
 Kvíarúst 85
 Langasund 5
 Lækjahæðir 26
 Mjósund 57
 Mosastallur 51, 88
 Mosatallur 56
 Síki 12
 Sjónarhólar 18
 Slakkaflá 49
 Slakki 9
 Smalavarða 69
 Stallur 58
 Stekkjarmýri 43, 87
 Stekkur 86
 Stokkur 13, 54
 Stórhóll 15

Stórhóll - Ytri 64
 Stórimór 29, 38a
 Sýslumerki 8, 79
 Valabjargaeyrar 55
 Valabjargahólar 59
 Valabjargatún 62
 Valabjörg á Skörðum 1
 Valadalsá 11
 Valadalur (dalurinn) 2
 Vallargarður 83
 Vínberjadalur 70
 Ytri - Stórhóll 64
 Þrengsli 52
 Þúfnavellir 71

63 nöfn, + nokkur.

Kafla- fyrirsagnir.

Heimildir og heimildarmenn	bls. 1
Eignin Valabjörg	--- 1
Landareign Valabjarga	--- 2
Landamerki milli Valadals og Valabjarga	--- 2
Önnur nöfn í Valabjargalandi	--- 3
Viðauki 3. febr. 2000	--- 5
Ýmislegt varðandi Valabjörg	--- 5
Vitnisburður frá árinu 1402	--- 5
Af sem áður var	--- 6
Viðauki árið 2016.	
Frá Byggðasögu Skagafjarðar	--- 6
Stafrófsröð örnefna og annara nafna	--- 8
Kafla- fyrirsagnir	--- 9.